

Anna Lísu Guðmundsdóttir
Drífa Kristín Þrastardóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir

Vallá á Kjalarnesi

Byggðakönnun
Fornleifaskrá og húsakönnun



Reykjavík 2014

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 167

Vallá á Kjalarnesi


Byggðakönnun

Fornleifaskrá og húsakönnun

Anna Lís Guðmundsdóttir

Drífa Kristín Þrastardóttir

Margrét Björk Magnúsdóttir



Reykjavík 2014

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 167

Unnið að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.

Ljósmyndir: Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir, Borgarsögusafni Reykjavíkur.

Kort og loftmyndir ásamt skýringartexta: Anna Lía Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni Reykjavíkur.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur – Árbæjarsafns.

Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna, Borgarsögusafni Reykjavíkur.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur.

Mynd á forsíðu:

Vallá á Kjalarnesi. Loftmynd frá 2005. Ljósmyndari Mats Wibe Lund. Myndnr. MND 050827-040. Birt með leyfi höfundar.

Borgarsögusafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn

Skýrsla nr. 167

Reykjavík 2014

Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

Formáli	3
1. Byggðakönnun	5
1.1 Saga svæðisins.....	5
2. Skráning menningarminja – Fornleifaskrá og húsakönnun.....	11
2.1 Almennt um verndun menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja	11
2.2 Tilgangur og aðferðafræði skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja	13
2.3 Örnefni	15
2.4 Skrá yfir fornleifar og yngri minjar	16
2.5 Varðveislumat fyrir fornleifar og yngri minjar	26
2.6 Húsakönnun.....	28
2.7 Varðveislumat fyrir hús og mannvirki	37
Heimildaskrá	39

Formáli

Hér fer á eftir rannsókn byggðar og skrá yfir menningarminjar á deiliskipulagssvæði sem nær yfir lögbýlið Vallá á Kjalarnesi, en það afmarkast af jarðamörkum mót Skrauthólum til suðurs, Vesturlandsvegi til vesturs og Esjuhlíðum til norðurs og austurs (sjá afmörkun svæðisins á mynd 1).¹ Byggðakönnunin er unnin að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur vegna gerðar deiliskipulags á svæðinu.

Ákvæði um deiliskipulag er að finna í 37. grein **skipulagslaga nr. 123/2010**, þar sem segir:²

Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svípmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar.

Ákvæði um skráningu menningarminja er að finna í **lögum um menningarminjar nr. 80/2012** sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „ætið fara fram á vettvangi“ áður en deiliskipulag er afgreitt.³ Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar, hús og mannvirki sem eru 100 ára og eldri friðuð.⁴ Jafnframt er kveðið á um að eigendum: „...húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.“⁵

Borgarsögusafn Reykjavíkur, áður Minjasafn Reykjavíkur, hefur um árábil gert húsakannanir í samræmi við ofangreint ákvæði skipulagslaga og eru þær hluti af gögnum vegna gerðar deiliskipulags.⁶ Húsakönnun er „byggingarlistarleg og menningarsöguleg skoðun, könnun, greining, úttekt, skráning og mat bæjarumhverfis og einstakra húsa, studd sagnfræðilegri könnun nauðsynlegra frumheimilda.“⁷ Húsakönnun sem unnin er fyrir hefðbundið deiliskipulag er tvíþætt; **byggðakönnun** með sögulegu yfirliti um þróun byggðar og byggingarsögu svæðisins og **húsakönnun** með húsaskrá og mati á varðveislugildi einstakra húsa

Fornleifaskráning er „forsenda þess að geta verndað fornleifar og koma í veg fyrir að framkvæmdaáðilar brjóti óafvitandi lög með því að skemma fornleifar er að hafa vitneskju um tilvist og staðsetningu fornleifar“.⁸ Fornleifaskráning felur í sér skráningu fornleifa eftir heimildum og yfirborðskönnun en minjar geta einnig leynst undir yfirborði. Þegar

¹ Könnuð eru hús og minjar á jörðinni Vallá sem hefur landnúmer 125762 í Fasteignaskrá. Fasteignir á jörðinni hafa fastanúmer 208-5498 og 208-5523. Einnig eru könnuð hús og minjar á eftirfarandi lóðum og lóðaspildum úr landi Vallár sem falla innan deiliskipulagssvæðisins: 1) Spilda úr Vallá, íbúðarhúsaloð, landnúmer 125846, fastanúmer 2085515; 2) Spilda úr Vallá, viðskipta- og þjónustuloð, landnúmer 216976, fastanúmer 208-5522; 3) Gil, íbúðarhúsaloð, landnúmer 125763, fastanúmer 208-5524; 4) Litla-Vallá, eyðijörð, landnúmer 125764, fastanúmer 208-5526. Vefur Þjóðskrár Íslands. Vefslóð: <http://www.skra.is> → Fasteignaskrá. Sótt 23. september 2014.

² Skipulagslög – nr. 123 – 22. september 2010. Tóku gildi 1. janúar 2011.

³ Lög um menningarminjar – nr. 80 – 29. júní 2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.

⁴ Lög um menningarminjar – nr. 80 – 29. júní 2012, 1. kafli, 3. gr og 7. kafli, 29. gr.

⁵ Lög um menningarminjar – nr. 80 – 29. júní 2012, 7. kafli, 30. gr.

⁶ Sjá skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur. Vefur Borgarsögusafns. Vefslóð: <http://borgarsogusafn.is/> → Árbæjarsafn → Útgáfa → Skýrslur.

⁷ Leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannana. Óutgefið leiðbeiningarit. Minjastofnun Íslands 2009.

⁸ Vefur Minjastofnunar Íslands. Vefslóð: <http://www.minjastofnun.is/> → Minjar → Skráning fornleifa. Sótt 3. júlí 2014.

fornleifaskráning er unnin fyrir hefðbundið deiliskipulag eru gerðar „auknar kröfur um uppmælingu minja og ítarlegri leit að fornleifum á framkvæmdasvæðum“.⁹


Nóvember 2014,

María Karen Sigurðardóttir,
deildarstjóri minjavörslu og rannsókna,
Borgarsögusafni Reykjavíkur

⁹ Skráningarstaðlar fornleifa, bls. 2. Minjastofnun Íslands 2013. Vefur Minjastofnunar Íslands. Vefslóð: <http://www.minjastofnun.is/> → Minjar → Skráning fornleifa → Skráningarstaðlar. Sótt 3. júlí 2014.

1. Byggðakönnun

Hér fer á eftir umfjöllun um byggðasögu jarðarinnar Vallár á Kjalarnesi og jarða sem byggst hafa úr landi hennar (sjá afmörkun svæðisins á mynd 1).



Mynd 1. Afmörkun deiliskipulagssvæðisins á samsettum loftmyndum frá 2012 og 2013.¹⁰

1.1 Saga svæðisins

Jörðin Vallá liggur austan og ofan við Hofsvík í Kollafirði. Vallá hefur verið lögbýli um aldir og þar hafa ýmist verið eitt eða tvö býli, oftast aðgreind sem Vallá vestari og Vallá eystri.¹¹

Bæjarstæði Vallár vestari var, samkvæmt túnakorti frá 1916, þar sem nú stendur steinsteypt íbúðarhús sem byggt var á árunum 1968-1972 (sjá mynd 3).¹²

Bæjarstæði Vallár eystri var, samkvæmt túnakorti og örnefnalýsingu, í suðaustur frá því vestara, steinsnar austan við eldri farveg Vallárlækjar, sem rann áður á milli bæjanna (sjá mynd 3).¹³ Vallá eystri fór í eyði um aldamótin 1800 og var skipt upp. Túnið gekk þá undir

¹⁰ Loftmyndir úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Vefur: Borgarvefsjá. Vefslóð: <http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/>. Sótt 2. júlí 2014.

¹¹ Einnig eru þau aðgreind í heimildum með forskeytunum Vestari - og Eystri-, Vestur- og Austur-, Stóra- og Minni- eða Innri- og Ytri-, auk þess sem Syðsta-Vallá kemur einnig fyrir.

¹² ÞÍ: Vallá og Litla-Vallá. Túnakort 1916.

¹³ ÞÍ: Vallá og Litla-Vallá. Túnakort 1916 – SÁM: Örnefnasafn, Vallá 125762-291, Guðrún Bjarnadóttir á Vallá skráði.

Vitað er um tvö önnur býli sem byggð voru í landi jarðarinnar. Annað þeirra er hjáleigan Grund sem byggðist um 1684¹⁸ og gæti hafa verið í nágrenni við þann stað þar sem húsið Gil er í dag. Hitt er býlið Litla-Vallá sem byggðist um aldamótin 1900.

Vallá er í landnámi Helga bjólu sem samkvæmt Landnámu nam land á milli Mógilsár og Mýdalsár.¹⁹ Ekki er vitað hvenær jörðin byggðist en Vallá kemur fyrst fram í heimildum í bréfi dagsettu 5. maí 1377, þegar Brynjólfur bóndi Bjarnason seldi Valgarði bónda Loftssyni jörðina „Syðstu-Vallá á Kjalarnesi“.²⁰ Þremur árum síðar, í júlí 1380, lét Valgarður Pál ábóta í Viðey hafa jörðina gegn því að hann kenndi syni hans í sex ár.²¹ Samkvæmt skrá frá 1395 um kvikfé og leigumál á jörðum Viðeyjarklausturs voru þá tveir bæir á Vallá.²² Frá sama ári er skrá yfir jarðir sem fóru undir Viðeyjarklaustur frá því að Páll ábóti kom þangað, en hann var ábóti þar á árunum 1378-1403. Þar er Vallá talin upp og metin á 20 hundruð.²³ Í fógeta-reikningum frá 1548 til 1552 er nokkrum sinnum minnst á bæina að Vallá í sambandi við landskuld og þá ýmist talað um Stóru- og Minni-Vallá eða Innri- og Ytri-Vallá.²⁴ Árið 1675 voru jarðirnar Innri-/Eystri- og Ytri-/Vestari-Vallá, sem þá voru metnar á 20 hundruð hvor um sig, ásamt Arnarholti, sem metin var á 15 hundruð, seldar Henrik Bjelke höfuðsmanni Dana á Íslandi og nefndar stiftisjarðir eftir það.²⁵ Fimm árum síðar, 1680, seldi Bjelke Eystri-Vallá til einkaaðila á Íslandi.²⁶ Á árunum 1686 og 1695/97 voru bæði Eystri- og Vestari-Vallá í einkaeigu, metnar á 20 hundruð hvor um sig.²⁷

Þegar Árni Magnússon og Páll Vídalín unnu að gerð Jarðabókarinnar sumarið 1704 voru tvær jarðir á Vallá, Eystri- og Vestari-Vallá.²⁸ Þá voru báðar jarðirnar í bændaeigu og jarðardýrleiki beggja 20 hundruð eftir tíund. Vallá vestari var þá í eigu Margrétar Pétursdóttur sýslumannsekkju sem bjó þar ásamt syni sínum Pétri Daðasyni sem átti Vallá eystri og leigði helming hennar. Kvaðir voru um eitt mannlán á vertíð af allri jörðinni. Þá var hægt að fódra sjö kýr, tíu lömb og einn hest á allri jörðinni. Frí hesta- og nautaganga hafði verið á sumrum á Hvannavöllum á Mosfellsheiði. Torfristu og -stungu höfðu báðar jarðirnar í sínu landi en mótak var í landi Vestari-Vallár. Þá fylgdi jörðinni nokkur rekavon. Heimræði var allt árið og gengu skip heimamanna eftir hentugleikum en engin verstaða hafði verið fyrir aðkomufólk. Landþröng var mikil á jörðinni og mjög stórvíðrasamt og hætt við skriðum og vatnságangi á tún.²⁹

Á þessum tíma hafði Grund verið hjáleiga Vallár vestari í nokkur ár, byggð fyrst rúmum tuttugu árum áður (um 1684) en var farin í eyði þegar Jarðabókin var gerð.³⁰

Vallá var ein jörð í bændaeigu þegar Jarðatal Johnsens var tekið saman 1847 en var þá aðeins metin á 20 hundruð og hafði því lækkað um helming. Neðanmáls segir að sýslumaður telji jörðina aðeins 12 hundruð. Í viðauka er eyðihjáleigan Grund sögð með Vallá.³¹

¹⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. III. bindi, bls. 354.

¹⁹ Íslensk fornrit I. *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 50.

²⁰ Íslenskt fornbréfasafn III, bls. 316.

²¹ Íslenskt fornbréfasafn III, bls. 354-355.

²² Íslenskt fornbréfasafn III, bls. 598.

²³ Íslenskt fornbréfasafn III, bls. 316-317, 354-355, 598.

²⁴ Íslenskt fornbréfasafn XII, bls. 135, 150, 170, 396. Bæjarnöfnin tvö koma fyrir í nokkrum útgáfum: „Sterrewalde“ og „Minnewalde“, „Stere Walde“ og „Mijnder Walde“, „Sterre Waldo“ og „Mijnde Waldo“, „Inderreuatle“ og „Ittherwasde“.

²⁵ J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, bls. 443-444.

²⁶ Björn Lárusson: *The old Icelandic land registers*, bls. 132.

²⁷ Björn Lárusson: *The old Icelandic land registers*, bls. 132.

²⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. III. bindi, bls. 328.

²⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. III. bindi, bls. 353-355.

³⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. III. bindi, bls. 354.

³¹ J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, bls. 97, 460.

Á árunum 1860 til 1895 bjuggu á Vallá Sigurður Sigurðson (1830-1906) og Helga Ásmundsdóttir (1841-1910).³²

Rétt fyrir eða um aldamótin 1900 byggðist býlið Litla-Vallá úr landi Vallár. Bæjarstæðið er á svonefndum Hjalhlól, vestan við Vallá. Fyrsti ábúandi á Litlu-Vallá var Árni Jónsson (1856-1942) og bjó hann þar til 1930 ásamt konu sinni Margréti Þóroddsdóttur (1850-1930).³³ Þá voru bæjarhús og útihús úr torfi og grjóti og hafa líklega stæðið á sama stað og núverandi hús á Litlu-Vallá, en notkun torfhúsanna lagðist niður 1930.³⁴ Árið 1934 var Jón Þorsteinsson (1894-1972) orðinn bóndi á Litlu-Vallá og bjó hann þar til 1946. Í hans tíð hafa þau hús verið byggð sem enn standa á Litlu-Vallá og eru samkvæmt fasteignaskrá byggð 1936.³⁵ Litla-Vallá var í ábúð með hléum til 1960. Þegar ábúð lauk var býlið sameinað heimajörðinni Vallá og húsinn, ásamt einum hektara lands, seld sem sumarbústaður.³⁶



Mynd 4. Kort frá 1909 sem sýnir staðsetningu bæjanna við Hofsvík. Á Vallá eru tveir bæir, Litla-Vallá vestar og Vallá austar. Búið er að færa Vallárlæk vestur fyrir Vallá.³⁷

Hjónin Benedikt Magnússon (1867-1938) og Gunnhildur Ólafsdóttir (1869-1966), bjuggu á Vallá á árunum 1895 til 1937, frá 1925 á móti Magnúsi syni sínum. Þau gerðu ýmsar umbætur á jörðinni, stækkuðu og sléttuðu meðal annars tún, auk þess sem farvegi Vallárlækjar var breytt í þeirra tíð (1900-1909), en eftir það rann lækurinn norðan og vestan við bæjarhúsin.³⁸ Á árunum 1923-1924 endurnýjuðu þau húsakost á jörðinni og byggðu þar

³² Þorsteinn Jónsson: *Kjalnesingar*, bls. 301.

³³ Þorsteinn Jónsson: *Kjalnesingar*, bls. 289.

³⁴ ÞÍ: Fasteignamat 1916-1918. Undirmat. Fasteignamatsbók Kjósarsýslu 1918 [með athugasemdum frá 1930], bls. 79.


³⁵ Vefur Þjóðskrár Íslands. Vefslóð: <http://www.skra.is> → Fasteignaskrá. Sótt 23. september 2014.

³⁶ Þorsteinn Jónsson: *Kjalnesingar*, bls. 289.

³⁷ LÍ: Herföngjaráðskort. 27 NA Reykjavík. Generalstabens topografiske Afdeling. Kaupmannahöfn 1909.

³⁸ ÞÍ: Vallá og Litla-Vallá. Túnakort 1916 – ÞÍ: Fasteignamat 1916-1918. Undirmat. Fasteignamatsbók Kjósarsýslu 1918 [með athugasemdum frá 1930], bls. 62 – Þorsteinn Jónsson: *Kjalnesingar*, bls. 300.

ný og vönduð hús úr steinsteypu.³⁹ Íbúðarhús og fjós voru reist hlið við hlið, á þeim stað þar sem eldri bæjarhús úr torfi höfðu áður staðið, en norðan við fjósið var reist hlaða. Þessi hús standa enn í dag, en íbúðarhúsið og fjósið sem hlutar af yngra íbúðarhúsi sem reist var á árunum 1968-1972.⁴⁰



Mynd 5. Hér sjást húsin sem Benedikt Magnússon reisti á Vallá á árunum 1923-1924. Íbúðarhúsið snýr gafli fram en austan við það og áfast er fjósið. Fyrir aftan þessi hús má sjá glitta í hlöðuna. Lengra í burtu sjást eldri útihús úr torfi og grjóti. Ljósmyndari Þorsteinn Jósepson.⁴¹

Magnús Benediktsson (1903-1965) og kona hans Guðrún Bjarnadóttir (1897-1957) tóku alfarið við búskap á Vallá árið 1930. Þau héldu áfram uppbyggingu á jörðinni og um 1930 kom Magnús upp fyrstu rafstöðinni í Kjalarneshreppi með virkjun Vallárlækjar. Var stöðin nýtt til raflýsingar og eldunar á Vallá, Litlu-Vallá og Skrauthólum, auk þess sem hún nýttist barnaskólanum á Klébergi.⁴² Magnús eignaðist fyrstur bænda vörubíl í Kjalarneshreppi og hafði atvinnu af vöruflutningum og vegavinnu samhliða búskapnum. Meðal annars seldi hann og flutti mól til húsbyggingar úr landi sínu til Reykjavíkur í samstarfi við son sinn, Benedikt Steinar (1929-1970), sem síðar stofnaði steypustöðina B.M. Vallá.⁴³ Árið 1957 reisti Magnús nýtt steinsteypt fjós austan við og áfast við hlöðuna sem Benedikt faðir hans hafði reist, en það ár hætti hann búskap eftir að hafa misst konu sína. Árið 1960 byggði hann nýtt einlyft íbúðarhús á jörðinni.⁴⁴

³⁹ Jónas Magnússon: „Magnús Benediktsson bóndi á Vallá - Minning“. *Morgunblaðið* 6. nóv. 1965, bls. 6 – Þorsteinn Jónsson: *Kjalnesingar*, bls. 303 – ÞÍ: Fasteignamat 1916-1918. Undirmat. Fasteignamatsbók Kjósarsýslu 1918 [með athugasemdum frá 1930], bls. 62 – ÞÍ: Byggingastofnun landbúnaðarins 2005-44, A-A 301-1. Vallá, Kjalarneshreppi, Kjós. Byggingarvottorð og virðingargjörð dags. 10.11.1953 – Vefur Þjóðskrár Íslands. Vefslóð: <http://www.skra.is> → Fasteignaskrá → Leitarorð: Vallá, Reykjavík. Sótt 23. september 2014.

⁴⁰ ÞÍ: Byggingastofnun landbúnaðarins 2005-44, A-A 301-1. Íbúðarhús með sambyggðri geymslu. Handskrifað mat, dags. 19.02.1971.

⁴¹ Hér tekið eftir: Þorsteinn Jónsson: *Kjalnesingar*, bls. 300.

⁴² Jónas Magnússon: „Magnús Benediktsson bóndi á Vallá - Minning“. *Morgunblaðið* 6. nóv. 1965, bls. 6 – Þorsteinn Jónsson: *Kjalnesingar*, bls. 301 og 304.

⁴³ Jónas Magnússon: „Magnús Benediktsson bóndi á Vallá - Minning“. *Morgunblaðið* 6. nóv. 1965, bls. 6 – Þorsteinn Jónsson: *Kjalnesingar*, bls. 304 – Guðmundur Magnússon og Hlynur Þór Magnússon: „Minning. Benedikt Magnússon Vallá“. *Íslendingaþættir Tímans*, 3. tbl., 4. árg. (24. febrúar 1971), bls. 12.

⁴⁴ ÞÍ: Byggingastofnun landbúnaðarins 2005-44, A-A 301-1. Vallá, Kjalarneshreppi, Kjós. Byggingarvottorð og virðingargjörð dags. 27.11.1957 – Jónas Magnússon: „Magnús Benediktsson bóndi á Vallá - Minning“. *Morgunblaðið* 6. nóv. 1965, bls. 6 – Þorsteinn Jónsson: *Kjalnesingar*, bls. 304 – Vefur Þjóðskrár Íslands. Vefslóð: <http://www.skra.is> → Fasteignaskrá → Leitarorð: Vallá, Reykjavík. Sótt 23. september 2014.

Geir Gunnar Gunnlaugsson (1902-1995), bóndi í Eskihlíð í Reykjavík og seinna Lundi í Kópavogi, leigði tún af Magnúsi á árunum eftir 1963 og keypti síðan jörðina eftir lát hans 1965. Geir hafði langa reynslu af alifuglarækt og um 1970 hófu sonur hans Geir Gunnar og Hjördís Gissurardóttir kona hans eggjaframleiðslu á Vallá undir merkinu Stjörnuegg og hafa síðan reist þar miklar byggingar undir þá starfsemi.⁴⁵ Á árunum 1968-1972 var reist nýtt steinsteypt íbúðarhús á staðnum og var það, eins og áður segir, byggt þannig að eldra íbúðarhús og fjós frá 1923 voru felld inn í það.⁴⁶ Austan við þetta íbúðarhús var á árunum 1974-1988 byggð röð húsa undir eggjaframleiðslu. Á árunum 1975-1978 reistu Geir Gunnar og Hjördís síðan nýtt íbúðarhús á spildu norðan Vallárlækjar.⁴⁷ Sama ár reisti Magnús Jónsson (1953-2006), dóttursonur Magnúsar Benediktssonar, íbúðarhúsið Gil á spildu sem tekin var norðarlega úr landi Vallár.⁴⁸ Frá 1995 hefur einnig verið rekin svínarækt að Vallá undir merkinu Stjörnugrís og var hús reist undir þá starfsemi skammt frá húsinu Gili, norðarlega í landi Vallár, árið 1995.⁴⁹



Mynd 6. Bæjarhús á Vallá á ljósmynd frá 2005. Lengst til vinstri (vestast) er íbúðarhús reist á árunum 1968-1972. Bak við það sést í hlöðu frá 1924. Austur af henni er fjós frá 1957 og austan við það geymsluhús reist 1981. Fremst á myndinni er íbúðarhús reist árið 1960. Efst á myndinni eru hús byggð undir eggjaframleiðslu á árunum 1974-1988. Ljósmyndari Mats Wibe Lund.⁵⁰

⁴⁵ Þorsteinn Jónsson: *Kjalnesingar*, bls. 306.

⁴⁶ ÞÍ: Byggingastofnun landbúnaðarins 2005-44, A-A 301-1. Íbúðarhús með sambyggðri geymslu. Handskrifað mat, dags. 19.02.1971.

⁴⁷ ÞÍ: Byggingastofnun landbúnaðarins 2005-44, A-A 301-1. Byggingarvottorð íbúðarhúsa, dags. 18.09.1975; Teikningar Einaris V. Tryggvasonar arkitekts að húsinu, dags. í mars 1974 – Vefur Þjóðskrár Íslands. Vefslóð: <http://www.skra.is> → Fasteignaskrá → Leitarorð: Vallá, Reykjavík. Sótt 23. september 2014.

⁴⁸ ÞÍ: Byggingastofnun landbúnaðarins 2005-44, A-A 301-1. Teikningar Einaris V. Tryggvasonar arkitekts að húsinu, dags. í júní 1977 – Vefur Þjóðskrár Íslands. Vefslóð: <http://www.skra.is> → Fasteignaskrá → Leitarorð: Gil, Reykjavík. Sótt 23. september 2014.

⁴⁹ *Morgunblaðið* 23. september 1994 – Þorsteinn Jónsson: *Kjalnesingar*, bls. 306 – Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb>. Teikningar Svein S. Pálmasonar að húsinu, dags. 31.08.1994.

⁵⁰ Myndnr. MND 050827-043. Birt með leyfi höfundar.

2. Skráning menningarminja – Fornleifaskrá og húsakönnun

2.1 Almennt um verndun menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 fer ráðherra með yfirstjórn verndunar og vörslu menningarminja í landinu.⁵¹ Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga jafnframt að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi.

Minjastofnun Íslands, sem er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd laganna. Samkvæmt 16. gr. laganna skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin taka einnig til staða sem tengjast menningarsögu.

Um friðun og friðlýsingu er fjallað í 5. gr. laganna:

Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. ... Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Friðlýsing er síðan nánar útfærð í 18. gr. laganna en samkvæmt þeim skal Minjastofnun Íslands hafa samráð við skipulagsyfirvöld þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra.

Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 21. gr. laganna segir:

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, kunnar sem ókunnar, samanber 24. grein:

⁵¹ Lög um menningarminjar 2012 - nr. 80 - 29. júní, 2. kafli. 7. gr. Samkvæmt forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta fer Forsætisráðuneytið nú með málefni menningararfs og tók skrifstofa menningararfs til starfa 1. febrúar 2014. Vefur Forsætisráðuneytis. Vefslóð: <http://www.forsaetisraduneyti.is> → Verkefni → Menningararfur. Sótt 10. nóvember 2014.

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Fornminjar eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Fornleifar eru skilgreindar svo samkvæmt 3. gr. laganna:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Byggingararfur er skilgreindur í 4. gr. og teljast hús og önnur mannvirki og einstakir hlutar þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi til byggingaarfs þjóðarinnar:

- a. stök hús eða hlutar þeirra og húsasamstæður, hvort sem er til íbúðar eða menningar- og atvinnustarfsemi í þéttbýli eða dreifbýli, húsabyrpingar og götumyndir,
- b. kirkjur og bænhús, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, svo sem klukkuturnum, garðhleðslum og sáluhliðum, klaustur, samkomuhús, skólahús og nánasta umhverfi þeirra, aðrar opinberar byggingar, íþróttamannvirki og sundlaugar,
- c. brýr og hvers konar samgöngumannvirki, virkjanir, stíflur, dælustöðvar og önnur orkumannvirki, hafnarmannvirki, vind- og vatnsmyllur, vitar, slippir, hjallar, manngerðir hellar og réttir.

Nánari ákvæði um verndun og varðveislu húsa og mannvirkja er að finna í 29. gr. laganna og samkvæmt henni eru öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri friðuð:

Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Um verndun annarra húsa og mannvirkja sem ekki ná 100 ára aldri er kveðið á í 30. gr.:

Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Eitt markmið skráningar menningarminja, þar á meðal fornleifa, húsa og mannvirkja, er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er hagr þeirra sem stýra framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningaminjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu minjanna.

Fornleifaskráning minnkar líkur á því að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni framkvæmdaraðila og fræðigreinarinnar. Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, samanber 28. grein:

Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

2.2 Tilgangur og aðferðafræði skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja

Borgarsögusafn Reykjavíkur, áður Minjasafn Reykjavíkur, heldur skrár yfir menningarminjar í Reykjavík, fornleifaskrá og húsaskrá, sem eru rafrænar skrár.

Fornleifaskrá Reykjavíkur var fyrst gefin út árið 1995 og þá voru um 200 minjastaðir skráðir. Stöðugt er unnið að endurskoðun hennar og nú (2014) eru um 2700 minjastaðir skráðir. Fornleifaskráning er í raun skilyrði þess að hægt sé að vinna markvisst að varðveislu fornleifa. Allar fornleifar eru skráðar í Sarp – menningarsögulegan gagnagrunn. Minjar eru skráðar eftir jörðum eins og jarðaskipting var um 1835-1845. Minjarnar fá þrískipt númer: í fyrsta lagi landsnúmer sem fasteignamat ríkisins úthlutar, næst kemur númer jarðarinnar samkvæmt Jarðabók Johnsens frá 1847 og þriðja talan er síðan hlaupandi tala innan jarðarinnar.

Við skráningu minja jarðarinnar er rýnt í örnefnaskrár, kort og aðrar ritaðar heimildir, auk þess sem vettvangsskoðun fer fram. Eldri minjastaðir kunna að hafa raskast eða jafnvel eyðst vegna seinni tíma framkvæmda. Enn geta þó leynst í jörðu fornleifar og ætti því að sýna aðgát við jarðrask nálægt minjastöðum.

Við skráningu menningarminja er sögu jarðarinnar gerð skil og varpað ljósi á þætti sem gefa upplýsingar um sögu byggðar og búskapar í nágrenninu. Þá er tegundum og hlutverki minja lýst. Ef minjar finnast ekki á yfirborði eru þær skráðar sem **heimild**, en á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu. Í lokin er vísað í þær heimildir sem hafa gefið tilefni til skráningar fornleifa.

Við staðsetningu á minjum er gömlum kortum og loftmyndum varpað (strekkt) á gildandi skipulagsuppdretti, sem sóttir eru í Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) og minjarnar hnúttar í kerfinu ISN 93 sem punktar.⁵²

Minjarnar eru flokkaðar eftir aldri. Elstu minjarnar eru fornleifar í rauðum flokki og eru þær friðaðar. Yngri minjar eru merktar með gulum og grænum lit, en herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar bláum lit. Aldur er áætlaður út frá útliti og upplýsingum um sögu byggðar.

⁵² Vefur: Borgarvefsjá. Vefslóð: <http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/>.

Minjaflokkar

Flokkur	Tegundir minja	Litur flokks
1	Fornleifar, minjar sem eru 100 ára eða eldri	Rauður
2	Minjar frá 1914-1930	Gulur
3	Minjar frá 1930 og yngri	Grænn
4	Herminjar frá 1940 og yngri	Blár

Húsaskrá Reykjavíkur er gagnagrunnur yfir hús í Reykjavík. Megintilgangurinn með skránni er að safna á einn stað upplýsingum um hús í Reykjavík og varpa ljósi á byggingararf borgarinnar. Í húsaskránni má meðal annars finna upplýsingar um byggingarár húsa, hönnuði, upprunalega gerð, byggingarefni húsa, helstu breytingar sem gerðar hafa verið á viðkomandi húsum og annað sem lýtur að sögu þeirra.

Húsaskrá byggir á margvíslegum frumgögnum svo sem brunavirðingum, gögnum byggingarnefndar og byggingarfulltrúa Reykjavíkur, teikningum, kortum og ljósmyndum en einnig prentuðum heimildum og vettvangskonnum. Skráin er góður grunnur fyrir rannsóknir á byggingarsögu Reykjavíkur, þar sem í henni eru upplýsingar um hús sem byggð hafa verið í Reykjavík í gegnum tíðina, einnig þau sem hafa verið rifin. Húsaskráin er lögð til grundvallar við gerð húsakannana og hefur að geyma upplýsingar um varðveislumat húsa, sem horft er til þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðum hverfum.

Brunavirðingar eru mikilvægar heimildir um hús í Reykjavík. Eftir að Reykjavík fékk inngöngu í Brunabótafélag danskra kaupstaða árið 1874 voru öll hús bæjarins virt til brunabóta. Þá var húsunum lýst mjög nákvæmlega og verðmæti þeirra metið og skráð. Þessar brunavirðingar veita mikilvægar upplýsingar um byggingarár húsa og breytingar sem gerðar hafa verið á þeim. Byggingarnefnd tók til starfa í Reykjavík árið 1839. Á Borgarskjalasafni Reykjavíkur eru varðveitt öll skjöl byggingarnefndar frá upphafi svo sem umsóknir um nýbyggingar og breytingar, leyfisveitingar nefndarinnar og umsagnir ýmissa aðila. Ennfremur má sjá í veðmalabókum hvernig hús hafa gengið kaupum og sölum í Reykjavík í aldanna rás.

Teikningar og ljósmyndir veita mikilsverðar upplýsingar þegar rannsökuð er byggingarsaga húsa og þróun byggðar. Hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkur eru varðveittar allar teikningar af húsum í Reykjavík sem sótt hefur verið um samþykki fyrir. Ljósmyndir koma sér vel við athugun á ýmsum atriðum, t.d. því hvernig gluggar húsa hafa tekið breytingum í gegnum tíðina, en slíkar breytingar eru yfirleitt ekki skráðar í skjallæg gögn. Ljósmyndir af húsum í Reykjavík eru varðveittar á Ljósmyndasafni Reykjavíkur og Þjóðminjasafni Íslands. Kort og uppdrættir eru einnig mikilvægar heimildir um þróun byggðar og meðal þeirra sem gagnast við rannsóknir á sögu Reykjavíkur eru ýmis frumkort af Reykjavík frá 18., 19. og 20. öld, sem og kort mælingadeildar Reykjavíkurborgar og skipulagsuppdrættir. Prentaðar heimildir eru til fjölmargar um sögu Reykjavíkur. Þær koma allar að góðum notum við gerð húsaskrárinnar hvort sem um frásagnir samtíðarmanna er að ræða eða sagan er skráð af eftirkomendum.

Með skoðun og ljósmyndun á vettvangi er unnt að meta ástand viðkomandi húss eða svæðis og þannig næst jafnframt heildaryfirsýn yfir gerð og efnisnotkun. Umhverfislegt mat og þar með varðveislugildi húss byggir síðan á samanburði á núverandi ástandi og skjallægum upplýsingum um upphaflega gerð húss.


2.3 Örnefni

Örnefnum í landi Vallár eru gerð skil í örnefnaskrá eftir Guðrínu Bjarnadóttur (1897-1957),⁵³ en Guðrún var gift Magnús Benediktssyni (1903-1965) sem tók við búskap á Vallá af foreldrum sínum árið 1930. Í skránni er 41 örnefni og hefur verið hægt að staðsetja þau flest út frá skránni, þó að það sama gildi um þessa örnefnaskrá eins og margar aðrar að þeim fylgir ekki kort.



Mynd 7. Örnefni á suðurluta jarðarinnar.

⁵³ SÁM: Örnefnasafn, Vallá 125762-291, Guðrún Bjarnadóttir á Vallá skráði.



Mynd 8. Örnefni á norðurhluta jarðarinnar.

2.4 Skrá yfir fornleifar og yngri minjar

Í þessari fornleifaskrá er greint frá skráðum fornleifum á jörðinni Vallá á Kjalarnesi. Skráning hófst á Kjalarnesi árið 1999 í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands og var Gunnar Bollason sagnfræðingur fengin til þess að taka saman heimildir og skrifa sögu bæjanna. Gunnar frumskráði einnig fornleifarnar í *Sarp – menningarsögulegan gagnagrunn*. Á árunum 2002-2003 var gert átak í vettvangsskráningu fornleifa á Kjalarnesi og þá skráðu Sólborg Una Pálsdóttir fornleifafræðingur og Jóna Kristín Ámundadóttir fornleifafræðinemi stóran hluta af Kjalarnesi.

Sú skráning sem hér er birt byggir á gögnum fyrrnefndra aðila ásamt því að farið var yfir öll þeirra gögn og bætt við og breytt því sem betur mátti fara. Í þessari yfirferð var rætt við staðkunnuga, Kristínu Geirsdóttur og Geir Gunnar Geirsson, og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir veitta aðstoð. Vettvangsskráningin var gerð fimmtudaginn 14. ágúst 2014 af Önnu Lísu Guðmundsdóttur og Margréti Björk Magnúsdóttur.

Fornleifaskráin tekur til minja á jörðinni Vallá og eru grunnupplýsingar um hverjar fornleifar í stöðluðu formi. Í texta og á kortum er vísað í hluta af auðkennisnúmeri fornleifanna, jarðanúmer Johnsens og hlaupandi tölu, en landnúmeri fasteignaskrár (125762) sleppt, og verður númerið þá 291-1. Þá kemur *sérheiti* fornleifarinnar ef eitthvert er, *hlutverk*, sem stundum er þekkt eða hægt að ákvarða og *tegund*, sem lýsir hvers eðlis fornleifin er. Ef minjar finnast ekki á yfirborði eru þær skráðar sem heimild en á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé að finna undir sverði. *Aldur* er áætlaður út frá útliti og heimildum. *Hnattstaða* er

Vallá 125762-291-1

Sérheiti: Vallá vestari

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Aldur: 1916-1918

Hnit: X 363397 Y 417957


Lengd/Breidd: 30 x 13 m

Horfin: Nei

Staðhættir: Samkvæmt túnakorti frá 1916 var bæjarstæði á Vallá (vestari) þar sem nú stendur íbúðarhús, tvær hæðir og ris með þremur kvistum. Þá samanstóð bærinn af sjö húsum í röð úr torfi og grjóti. Nyrst var hústóft, 3x11 m, þá

fimm hús með stafnpili, 4x12 m, 5x3 m, 10x5 m, 5x12 m og 10x7 m, og syðst, í um 2 m fjarlægð, var stakt hús, 3x4 m.

Lýsing: Bæjarhúsin sem voru teiknuð á túnakortið hafa horfið undir yngri byggingar sem standa á bæjarstæðinu. Samkvæmt Fasteignamatbók Kjósarsýslu frá 1918, sem í eru athugasemdir frá 1930, urðu breytingar á húsakosti á Vallá á því tímabili. Torfbær var á Vestur-Vallá árið 1918 en á árunum 1923 og 1924 voru byggð þar steinsteypt íbúðarhús og útihús.⁵⁴ Núverandi hús á bæjarstæðinu hefur verið byggt yfir íbúðarhús sem var reist 1923.



Mynd 10. Hluti af túnakorti Vallár frá 1916 settur yfir loftljósmynd úr LUKR frá 2013.

Vallá 125762-291-2

Hlutverk: Tröð

Tegund: Heimild

Aldur: 1915-1916

Hnit: X 363439 Y 417947

Lengd/Breidd: 115 x 3,5 m

Ástand: Ómetið


Horfin: Já

Ástæða: Framkvæmdir

Staðhættir: Samkvæmt túnakorti frá 1916 lá tröð frá syðsta húsinu í húsaröð Vallár um 115 m í norðaustur í átt að gamla Kjalarnesvegi sem lá með Esjuhlíðum.

Lýsing: Tröðin er horfin vegna framkvæmda.

Aðrar upplýsingar: Staðsetning er fengin með því að strekkja túnakortið á landfræðilegan gagnagrunn LUKR (2014).



Mynd 11. Túnakorti varpað á loftljósmynd frá 2013.

⁵⁴ Þorsteinn Jónsson: *Kjalnesingar*, bls. 303 – Vefur Þjóðskrár Íslands. Vefslóð: <http://www.skra.is> → Fasteignaskrá – ÞÍ: Fasteignamat 1916-1918. Undirmat. Fasteignamatbók Kjósarsýslu 1918 [með athugasemdum frá 1930], bls. 62.

Vallá 125762-291-3

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Aldur: 1900-1916

Hnit: X 363490 Y 418036

Lengd og breidd: 10 x 10 m

Horfin: Já


Ástæða: Framkvæmdir

Staðhættir: Samkvæmt túnakorti var fjárhús um 115 m norðaustan við bæinn. Um var að ræða tvö samsíða torfhús, 6x5 m hvort, með stafþiljum norðvestan megin en þvert á suðausturgafli torfhús, 10x3,5 m, sennilega hlaða. Fjárhúsið hefur staðið rétt ofan þar sem nú er

eggjahús frá 1984 sem liggur samsíða og ofan við Vallárlæk.

Lýsing: Fjárhúsið er horfið vegna framkvæmda við yngri byggingu en hefur líklega staðið fram yfir 1930. Það sést á ljósmynd sem tekin var eftir að búið var að byggja steinsteypt íbúðarhús og útihús á jörðinni, en þau hús voru reist á árunum 1923 og 1924 (sjá mynd 12).⁵⁵

Aðrar upplýsingar: Staðsetning er fengin með því að strekkja túnakortið yfir yngri loftmyndir í landfræðilegum gagnagrunni, LUKR (2014).



Mynd 12. Gömlu fjárhúsin eru vinstra megin á myndinni.

Vallá 125762-291-4

Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Heimild

Aldur: 1916

Hnit: X 363389 Y 417937

Lengd/breidd: 22 x 21 m


Horfin: Já

Ástæða: Framkvæmdir

Staðhættir: Samkvæmt túnakorti frá 1916 var kálgarður, 560m², um fimm metrum fyrir vestan bæjarhúsin á Vallá.

Lýsing: Kálgarðurinn er horfinn vegna seinni tíma framkvæmda. Þar sem hann var er nú innkeyrsla, grasflöt og skógrækt.

Aðrar upplýsingar: Staðsetning er byggð á túnakortinu sem strekkt var yfir loftljósmynd frá 2013 í LUKR.



Mynd 13. Hluti af túnakorti af Vallá sem sýnir bæjarhúsin og kálgarðinn.

⁵⁵ Þorsteinn Jónsson: *Kjalnesingar*, bls. 300.

Vallá 125762-291-5

Sérheiti: Vallá eystri

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild


Aldur: 1377-1800

Hnit: X 363447 Y 417888

Horfin: Nei

Ástæða: Framkvæmdir

Staðhættir: Samkvæmt túnakorti var Vallá eystri u.þ.b. sextíu metrum SSA af syðstu bæjarhúsum Vallár. „Steinsnar ... í suðaustur heiman frá, er ávöl bunga, er heitir Gamli bær. Þar var áður sérstök jörð og hét Austur-Vallá, og sást þar móta fyrir bæjarrústum til skamms tíma.“⁵⁶ Þegar túnakortið var strekkt



Mynd 14. Vallá eystri er merkt inn á túnakort 1916.

yfir loftmynd frá 2013 kom í ljós að Vallá eystri er á líkum slóðum og örnefnalýsing segir frá. Á svæðinu sem kemur til greina er nú bílaplan og trjágróður.

Lýsing: Á túnakortið eru ekki teiknuð inn hús Vallár eystri heldur er aðeins tilgreint hvar þau hafa staðið. Af því má ráða að þar hafa engar rústir verið sýnilegar um 1916.

Á túnakorti Vallár segir: „Þorvarður í Brautarholti átti 1/2 Andriðsey, og fékk hinn helminginn hjá eiganda Hofa, fyrir Eystri-Vallá, er hann tók svo til slæga (fyrir nál. 100 árum). Síðan eru þar slægjur frá Hofi. (Sögn Benedikts bónda Magnúss. á Vallá).“⁵⁷

Samkvæmt þessu hefur Vallá eystri farið í eyði uppúr 1800.

Vallá 125762-291-6

Sérheiti: Litla-Vallá

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Aldur: 1900-1916

Hnit: X 363234 Y 418092

Lengd/breidd: 11 x 8 m

Ástand: Slæmt

Horfin: Nei

Staðhættir: Rétt fyrir aldamótin 1900 var Litla-Vallá byggð úr landi heimajarðarinnar Vallár, á hól er Hjallhóll hét og stóð vestan við Vallá, en Hjallhóll mun vera er eina örnefnið sem tilheyrir Litlu-Vallá.⁵⁸ Bæjarstæði Litlu-Vallár er um 40 m



Mynd 15. Túnakort af Litlu-Vallá sett yfir loftljósmynd frá árinu 2013.

NNV af núverandi íbúðarhúsi á Vallá og um 200 m NNV af eldra bæjarstæði Vallár vestari. Samkvæmt túnakorti frá 1916 voru þrjú hús í bæjarröðinni, sem lá í NV-SA, og kálgarður norðan við þau. Nyrsta húsið mælist 5x3 m, næsta 5x3 m, og syðsta 7x2,5 m. Öll eru þau úr torfi og grjóti með standþili. Býlið var sameinað heimajörðinni þegar ábúð lauk 1960 og húsin seld sem sumarbústaður, ásamt 1 hektara lands.⁵⁹ Þar stendur nú (2014) hús frá 1936 ásamt hlöðu frá sama tíma.⁶⁰

⁵⁶ SÁM: Örnefnasafn, Vallá 125762-291, Guðrún Bjarnadóttir á Vallá skráði.

⁵⁷ ÞÍ: Vallá og Litla-Vallá. Túnakort 1916.

⁵⁸ ÞÍ: Vallá og Litla-Vallá. Túnakort 1916.

⁵⁹ Þorsteinn Jónsson: *Kjalnesingar*, bls. 289.

⁶⁰ Vefur Þjóðskrár Íslands. Vefslóð: <http://www.skra.is> → Fasteignaskrá. Leitarorð: Litla-Vallá, Reykjavík.

Lýsing: Húsið sem nú stendur er steipt og virðist byggt ofan í gömlu tóftina. Samkvæmt fasteignaskrá er það byggt 1936, ásamt hlöðu sem stendur um 20 m norðvestur af því.⁶¹ Tóftir Litlu-Vallár eru því sundur grafnar.

Vallá 125762-291-7

Sérheiti: Litla-Vallá

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Aldur: 1900-1916

Hnit: X 363191 Y 418097

Lengd/breidd: 20 x 10 m


Ástand: Ómetið

Horfin: Nei

Staðhættir: Samkvæmt túnakorti var útihúsaröð um 10 m vestur af Litlu-Vallá og lá í NNV-SSA. Nyrst voru tvö hús úr torfi og grjóti svipuð að stærð, um 6x5 m, því næst tvö hús úr torfi og grjóti með standpili í norðvestur, um 4x5 m, og við norðvesturgöflu nyrsta hússins var torfhús, 3x3 m.

Lýsing: Húsin eru horfin en hlaða sem byggð var árið 1936, samkvæmt fasteignaskrá, virðist standa á sama stað og nyrðri húsin í útihúsaröðinni á túnakortinu.

Aðrar upplýsingar: Staðsetning er byggð á túnakorti Vallár og Litlu-Vallár frá 1916 og svarthvítri ljósmynd frá 1954, sem strekkt var yfir loftljósmynd frá 2013 í LUKR.



Mynd 16. Litla-Vallá á túnakorti frá 1916. Útihúsin eru vinstra megin á myndinni.

Vallá 125762-291-8

Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Heimild


Aldur: 1915-1916

Hnit: X 363214 Y 418107

Lengd/breidd: 10 x 5 m

Horfin: Já

Staðhættir: Kálgarður Litlu-Vallár var norðan við bæjarhúsaröðina, 50 m² samkvæmt túnakorti frá 1916. Staðsetning er byggð á túnakorti Vallár og Litlu-Vallár frá 1916 og svarthvítri ljósmynd sem strekkt var yfir loftljósmynd frá 2013 í LUKR.



Mynd 17. Kálgarður er merktur sem „kg“inn á túnakort Litlu-Vallár.

Vallá 125762-291-9

Sérheiti: Hjallhóll

Hlutverk: Hjallur

Tegund: Heimild

Aldur: 1900

Hnit: X 363235 Y 418192

⁶¹ Vefur Þjóðskrár Íslands. Vefslóð: <http://www.skra.is> → Fasteignaskrá. Leitarorð: Litla-Vallá, Reykjavík.

Staðhættir: „Litla-Vallá er byggð á hól er **Hjallhóll** hét, og er það eina örnefnið á býlinu.“⁶² Örnefnið Hjallhóll er vísbending um að þar hafi á einhverjum tíma verið hjallur.

Lýsing: Engin sjáanleg merki eru um hjall á svæðinu.

Vallá 125762-291-10

Hlutverk: Rafstöð

Tegund: Heimild, rúst

Aldur: 1930-1952

Hnit: X Y

Ástand: Slæmt

Horfin: Nei

Staðhættir: Á norðurbakka Vallárlækjar, 70 m frá sjó, 57 m SSAaf Fólkvangi og 40 m austur af hreinsistöð við Kollagrund 3, eru steypubrot sem eru að öllum líkindum leifar stöðvarhúss sem byggt var við virkjun lækjarins 1930.

Fyrsta vatnsvirkjunin í Kjalarneshreppi, ljósastöð, var reist á Vallá árið 1930 þegar Vallárlækur var virkjaður. Stöð stöðvarhúsið við lækinn, fyrir austan Fólkvang, þar sem sjá mátti rústir þess til skamms tíma. Rafstöðin var önnur af tveimur á Kjalarnesinu fyrir lagningu raflínu Rafmagnsveitu Reykjavíkur sem komst í gagníð 1951 til allra bæja nema þriggja fyrir innan Bakka. Hin var reist í Varmadal árið 1932.⁶³ Magnús Benediktsson (1903-1965) bóndi á Vallá hefur sennilega reist stöðina en hann er sagður hafa haft mikla þekkingu á vélum og rafmagni.

Lýsing: Stöðvarhúsinu hefur á einhverjum tíma verið rutt niður og þar eru nú (2014) steypubrot í hrúgu á lækjarbakkanum.



Mynd 18. Rústir rafstöðvar, horft í vestur.

Vallá 125762-291-11

Hlutverk: Gata

Tegund: Heimild

Aldur: 1915-1916


Hnit: X 363372 Y 417981

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir: Samkvæmt túnakorti frá 1916 lá gata frá nyrsta húsi í bæjarröðinni til NNV.

Lýsing: Gatan er horfin vegna seinni tíma framkvæmda.



Mynd 19. Túnakort af Vallá sett á loftljósmynd frá 2013. Gatan er ofarlega á myndinni.

Vallá 125762-291-12

Sérheiti: Grund

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Aldur: 1684-1700

Horfin: Já

Staðhættir: Í örnefnalýsingu segir um Grund: „Í norður frá bænum í um 500 m. fjarlægð er slétt flöt harðlend, ílöng frá austri til vesturs. Hún nefnist Grundir . Þar var býli fyrir löngu.

⁶² SÁM: Örnefnasafn, Vallá 125762-291, Guðrún Bjarnadóttir á Vallá skráði.

⁶³ Þorsteinn Jónsson: *Kjalnesingar*, bls. 301, 415.

Garðlag heita vel **sjáanlegar túngarðsleifar** vestarlega á Grundunum.⁶⁴ Ekki hefur enn verið hægt að staðsetja býlið. Það gæti hafa verið þar sem nú standa byggingar, íbúðarhúsið Gil og grísahús, út frá fjarlægð frá Vallá. Grund hafði verið hjáleiga Vallár vestari í nokkur ár þegar Jarðabókin var gerð 1704 og byggst þá fyrst rúmum tuttugu árum áður (1684) en var farin í eyði þegar Jarðabókin var gerð og talið að ekki væri hægt að byggja hana aftur nema skaða með því heimajörðina.⁶⁵

Lýsing: Fannst ekki árið 2014.

Vallá 125762-291-13

Sérheiti: Garðdalag

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Heimild

Aldur: 1684-1700

Staðhættir: „Garðlag heita vel sjáanlegar túngarðsleifar vestarlega á Grundum.“⁶⁶

Lýsing: Nánari upplýsingar vantar til að staðsetja túngarðinn/örnefnið. Fannst ekki á vettvangi (2014).

Vallá 125762-291-14

Sérheiti: Stekkur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild

Staðhættir: „Í brekkunum uppi í Esjunni og upp að henni eru þessi örnefni ... Þá koma stórgrýttar en þó grónar brekkur. Þar eru leifar af gömlum stekki, og heitir staðurinn Stekkur.“⁶⁷

Lýsing: Lýsing á staðsetningu á trúlega við minjar númer 291-19 eða 20, sem gætu báðar verið leifar stekks.

Vallá 125762-291-15

Hlutverk: Mótekja

Tegund: Heimild

Hnit: X 363070 Y 417799

Staðhættir: „Í fjörunni austan við Vallárlæk má sjá menjar um mó. Þar mun einhver mótekja hafa verið. Fjörumór þótti hitameiri. Mór var oftast tekinn upp nær bænum, þar sem hétu mógrafir.“⁶⁸

Lýsing: Fannst ekki árið 2014.

Vallá 125762-291-16

Sérheiti: Einbúi

Hlutverk: Sögn

Tegund: Heimild

Horfin: Já

Staðhættir: „Fyrir neðan þjóðveginn, þar sem Klébergshúsið stendur, eða þar rétt neðan við, var lítil bunga, og mun hafa verið smáhóll, en hefir raskast við byggingarnar. Þessi staður heitir Einbúi. Nafnið hefir þá lagzt niður síðan húsið var byggt og nefnt Kléberg, en sagt var, þegar það var reist, að það stæði á Einbúa. Nafnið er dregið af einsetukarli, er kvað hafa átt

⁶⁴ SÁM: Örnefnasafn, Vallá 125762-291, Guðrún Bjarnadóttir á Vallá skráði.

⁶⁵ Jarðbók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, bls. 353-354.

⁶⁶ SÁM: Örnefnasafn, Vallá 125762-291, Guðrún Bjarnadóttir á Vallá skráði.

⁶⁷ SÁM: Örnefnasafn, Vallá 125762-291, Guðrún Bjarnadóttir á Vallá skráði.

⁶⁸ Þorsteinn Jónsson: *Kjalnesingar*, bls. 300.

þar kofa. Hann þótti einrænn og forn í háttum, og höfðu menn lengi ótrú á að hrófla við þessum stað.⁶⁹

Lýsing: Hóllinn er horfinn vegna bygginga.

Vallá 125762-291-17

Sérheiti: Mógrafir

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Heimild

Hnit: X 363324 Y 417944

Ástand: Slæmt

Staðhættir: „Ofan við Skriðuna [ofan við veginn, austan lækjarins] er lítill þúfnablettur og misfella í jarðveginum, er heita **Mógrafir**. Þar var tekinn mór, en grafirnar eru uppfylltar, og sjást aðeins þessar misfellur.“⁷⁰

Lýsing: Ekki var hægt að greina ummerki eða staðsetja mógrafirnar því mikill gróður er á svæðinu, bæði tré og gras.⁷¹

Vallá 125762-291-18

Sérheiti: Gleið

Hlutverk: Smalaleið

Tegund: Heimild

Staðhættir: „Upp á Esjubrún eru nokkur örnefni. Austan við Vallárgil er bunga allstór, þá tekur við allbreitt skarð, er heitir **Gleið**. Þar er smalaleið upp á Esju, og einnig upp lítið skarð í bunguna, er heitir **Smalaskarð**.“⁷²

Vallá 125762-291-19

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Garðlag

Aldur: 1900-1950

Hnit: X 363.772 Y 418.593

Hleðsluhæð: 40 cm

Lengd og breidd: 20 x 10 m

Tegund mælingar: Utanmál

Mælingaraðferð: Stikað

Ástand: Slæmt

Horfin: Nei

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Beit

Staðhættir: Staðsetning er um 230 m NV við vatnsból Reykjavíkur á Vallá og 240 m NA við Gil, á uppgrónum skriðuvæng í afgirtum, grasivöxnum hrossahaga.



Mynd 20. Stekkur 291-19, horft í vestur.


⁶⁹ SÁM: Örnefnasafn, Vallá 125762-291, Guðrún Bjarnadóttir á Vallá skráði.

⁷⁰ SÁM: Örnefnasafn, Vallá 125762-291, Guðrún Bjarnadóttir á Vallá skráði.

⁷¹ Vettvangsferð, 14.ágúst 2014.

⁷² SÁM: Örnefnasafn, Vallá 125762-291, Guðrún Bjarnadóttir á Vallá skráði.

Lýsing: Uppgrónar hleðslur neðan við stóran stein, 1x2 m. Frá NV-horni steinsins liggur 14x1,5 m hleðsla í vestur. Við norðurhliðina, 4,5 m frá steininum, er 4x3 m hólf. Um 1 m frá SA-horni steinsins liggur hleðsla sem tengir 18x2 m hleðslu við steininn sem liggur samsíða hinni hleðslunni. Á miðri hleðslunni gæti hafa verið 1 m stórt op. Sunnan við gæti verið jarðlæg hleðsla. Um 3 m neðan við eru greinilegar götur á u.þ.b. 30 m kafla sem liggja í NA-SV. Norðan við er lítill farvegur.⁷³ Gætu verið leifar af stekk, en í örnefnalýsingu kemur fram að svæðið heitir Stekkur.



Mynd 21. Stekkur 291-19.

Vallá 125762-291-20

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Garðlag

Aldur: 1900-1950

Hnit: X 363826 Y 418628

Hleðsluhæð: Mest 40 cm

Lengd og breidd: 10 x 9 cm

Tegund mælingar:

Utanmál

Mælingaraðferð: Stikað

Ástand: Slæmt

Horfin: Nei

Hættumat: Lítil hættu


Hættuorsök: Beit

Staðhættir: Um 190 m NV við vatnsból Reykjavíkur á Vallá og 300 m NA við Gil, á uppgrónum skriðuvæng í afgirtum, grasivöxnum hrossahaga. Um 60 m ofan við 291-19.⁷⁴



Mynd 22. Stekkur 291-20, horft í norð- austur.

Lýsing: Uppgrónar hleðslur við stóran stein, 1,5x2,5 m. Bogadregin 15x1 m hleðsla liggur frá NA-horni steinsins að SV-horni hans með 1 m opi á vesturhlið. Beinn leggur liggur frá norðurhlið 5 m í vestur. Neðan við op sunnanmegin eru nánast samsíða fjórir stórir steinar. Líklega einhverskonar aðhald. Gætu verið leifar af stekk, en í örnefnalýsingu kemur fram að svæðið heitir Stekkur.⁷⁵



Mynd 23. Stekkur 291-20.

⁷³ Vettvangsferð 14. ágúst 2014.

⁷⁴ Vettvangsferð 14. ágúst 2014.

⁷⁵ Vettvangsferð 14. ágúst 2014.

Vallá 125762-291-21

Sérheiti: Gamli Kjalarnesvegurinn

Hlutverk: Vegur

Tegund: Heimild

Aldur: 1908-1909

Ástand: Ómetið

Hnit: X 363664 Y 418353,7

Horfin: Já

Ástæða: Ábúð

Staðhættir: Um Kjalarnes lá alfaravegur með Esjuhlíðum, sem merktur er á Herföngjaráðskort sem mælt var fyrir 1908 og gefið út 1909. Vegurinn lá þvert í gegnum jörðina Vallá. Skammt fyrir ofan þann stað þar sem nú stendur húsið Gil og aligrísahús frá 1995, voru gatnamót þaðan sem vegur lá niður í Brautarholtshverfið.⁷⁶



Mynd 24. Herföngjaráðskort frá árinu 1908. Vegurinn lá með Esjuhlíðum.

2.5 Varðveislumat fyrir fornleifar og yngri minjar

Á svæðinu eru 22 minjastaðir skráðir. Fornleifar eru 21 en einn staður, „rafstöð“ (291-10), tilheyrir yngri minjum. Þar er um að ræða steypurústir við Vallárlæk. Miklar húsbyggingar og sléttun lands hefur farið fram á bæjarstaði Vallár og í nágrenni þess. Því eru einungis þrennar fornleifar sýnilegar á allri jörðinni, það eru tveir stekkir (291-19 og 20) sem eru upp af bænum Gili og brot af „Gamla Kjalarnesvegi“ (291-21) sem lá með Esjuhlíðum.

Þær fornleifar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði í dag eru líklega horfnar að mestu, nema bæjarstaði Vallár eystri (291-5). Þar mætti að öllum líkindum finna fornleifar undir malbiki eða grasi, en staðseting þeirra er ekki mjög nákvæm.



Mynd 25. Fornleifar á bæjarhlaði Vallár og Litlu-Vallár.

⁷⁶ LÍ: Herföngjaráðskort. 27 NA Reykjavík. Generalstabens topografiske Afdeling. Kaupmannahöfn 1909.

Minjar á jörðinni Vallá

Númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd	Breidd	Ástand	Horfin
291-1	Vallá vestari	Bústaður	Heimild	1377	363397	417957	30	13	Slæmt	Nei
291-2		Tröð	Heimild	1850-1916	363397	417957	115	3,5	Ómetið	Já
291-3		Fjárhús	Heimild	1850-1916	363491	418036	10	10	Ómetið	Já
291-4		Kálgarður	Heimild	1850-1916	363389	417936	22	21	Ómetið	Já
291-5	Vallá eystri	Bústaður	Heimild	1377-1800	363447	417888			Slæmt	Nei
291-6	Litla-Vallá	Bústaður	Heimild	1900-1916	363234	418092	11	8	Slæmt	Nei
291-7	Litla -Vallá	Útihús	Heimild	1900-1916	363191	418097	20	10	Slæmt	Nei
291-8		Kálgarður	Heimild	1900-1916	363214	418107	10	5	Ómetið	Já
291-9	Hjallhóll	Hjallur	Heimild	1850-1900	363235	418092			Ómetið	Já
291-10		Rafstöð	Rúst	1930-1952	363043	417913			Slæmt	Nei
291-11		Gata	Heimild	1915	363372	417980	90	4	Ómetið	Já
291-12	Grund	Bústaður	Heimild	1650-1700					Ómetið	Já
291-13	Garðalag	Túngarður	Heimild	1650-1700					Ómetið	Já
291-14	Stekkur	Stekkur	Heimild						Ómetið	
291-15		Mótekja	Heimild		363070	417799			Ómetið	Já
291-16	Einbúi	Sögn	Heimild						Ómetið	Já
291-17	Mógrafir	Mógröf	Heimild		363324	417944			Ómetið	Já
291-18	Gleið	Smalaleið	Heimild						Ómetið	
291-19		Stekkur	Garðlag	1900	363772	418592	20	10	Slæmt	Nei
291-20		Stekkur	Garðlag	1900	363827	418627	10	9	Slæmt	Nei
291-21		Vegur	Slóði	1908					Ómetið	Nei
291-22	Helguhóll	Landamerki	Hóll		363235	4180923			Gott	Nei

Allar framkvæmdir sem þurfa að fara fram á bæjarstæði Vallár eða Litlu-Vallár (sjá mynd 25) eða í nágrenni við skráðar fornleifar ber að tilkynna til Minjastofnunar Íslands sem ákveður hvort leyfilegt sé að hefja framkvæmdir innan skipulagsreitsins og með hvaða skilyrðum.

2.6 Húsakönnun

Húsakönnun er „byggingarlistaleg og menningarsöguleg skoðun, könnun, greining, úttekt, skráning og mat bæjarumhverfis og einstakra húsa, studd sagnfræðilegri könnun nauðsynlegra frumheimilda.“⁷⁷ Húsakönnun sem unnin er fyrir hefðbundið deiliskipulag er tvíþætt;

byggðakönnun með sögulegu yfirliti um þróun byggðar og byggingarsögu svæðisins og **húsakönnun** með húsaskrá og mati á varðveislugildi einstakra húsa. Í húsakönnun tekur varðveislumat til eftirtalinna þátta: byggingarlistar, menningarsögulegs gildis, umhverfisgildis, upprunalegrar gerðar húss og færð skulu rök fyrir varðveislugildi.⁷⁸

Tilgangur húsakannana er að tryggja að ákvarðanir sem varða breytingar á byggð eða einstökum húsum séu teknar af þekkingu á því gildi sem þau hafa fyrir umhverfi, sögu og byggingarlist.

Hér fylgir á eftir skrá yfir hús og mannvirki á deiliskipulagssvæði sem nær yfir lögbýlið Vallá á Kjalarnesi, en það afmarkast af jarðamörkum mót Skrauthólum til suðurs, Vesturlandsvegi til vesturs og Esjuhlíðum til norðurs og austurs (sjá afmörkun svæðisins á mynd 1). Þar með eru talin hús sem standa á lóðum og landspildum sem teknar hafa verið úr landi Vallár og falla innan deiliskipulagssvæðisins, meðal annars á eyðijörðinni Litlu-Vallá og lóð sem tilheyrir eigninni Gili.⁷⁹

Á svæðinu er nokkur fjöldi húsa sem byggð hafa verið á alllöngu tímabili, af eigendum og ábúendum á hverjum tíma. Elstu húsin eru íbúðarhús, fjós og hlaða sem byggð voru á jörðinni Vallá á árunum 1923-1924, en tvö þeirra, íbúðarhúsið og fjósið, hafa verið felld inn í yngri byggingu og eru ekki lengur sýnileg sem sjálfstæð hús. Á Litlu-Vallá eru tvö hús, íbúðarhús og hlaða, sem byggð voru 1936. Tvö hús á jörðinni Vallá voru byggð á tímabilinu 1957-1960, fjós byggt 1957 og íbúðarhús byggt 1958-1960. Á jörðinni stendur einnig íbúðar- og geymsluhús byggt á árunum 1968-1972. Á spildu úr landi Vallár stendur annað íbúðarhús byggt 1978. Frá sama ári er íbúðarhúsið Gil sem byggt var á lóð úr landi Vallár. Frá tímabilinu 1974-1988 eru allmargar byggingar á Vallá sem reistar hafa verið undir eggjaframleiðslu og geymslu. Yngstu húsin á svæðinu eru viðskipta- og þjónustuhús, reist 1992 á spildu úr Vallá, aligrísahús norðarlega í landi Vallár, byggt 1996, og nýtt eggjahús, reist 2013.

Þar sem að Kjalarnes heyrði ekki undir Reykjavík á þeim tíma þegar húsin voru byggð (utan þess yngsta), en Kjalarneshreppur og Reykjavík voru sameinuð í eitt sveitarfélag árið 1998, er heimildum eins og brunavirðingum og samþykktum byggingarnefndar og byggingarfulltrúa Reykjavíkur ekki fyrir að fara og því eru upplýsingar, svo sem um byggingarár húsanna, sóttar í aðrar heimildir, auk Fasteignaskrár Þjóðskrár Íslands.⁸⁰ Samþykktir byggingarnefndar Kjalarneshrepps um hús á svæðinu er að finna í fundargerðabók nefndarinnar sem varðveitt er

⁷⁷ Leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannana. Óútgefið leiðbeiningarit. Minjastofnun Íslands 2009.

⁷⁸ Leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannana. Óútgefið leiðbeiningarit. Minjastofnun Íslands 2009.

⁷⁹ Um er að ræða eftirtaldir jarðir, lóðir, landspildur og fasteignir sem skráðar eru svo í Fasteignaskrá: 1) Vallá, jörð, landnúmer 125762, fastanúmer 208-5498 og 208-5523; 2) Spilda úr Vallá, íbúðarhúsaloð, landnúmer 125846, fastanúmer 2085515; 3) Spilda úr Vallá, viðskipta- og þjónustulóð, landnúmer 216976, fastanúmer 208-5522; 4) Gil, íbúðarhúsaloð, landnúmer 125763, fastanúmer 208-5524; 5) Litla-Vallá, eyðijörð, landnúmer 125764, fastanúmer 208-5526. Vefur Þjóðskrár Íslands. Vefslóð: <http://www.skra.is> → Fasteignaskrá. Sótt 23. september 2014.

⁸⁰ Vefur Þjóðskrár Íslands. Vefslóð: <http://www.skra.is> → Fasteignaskrá. Sótt 23. september 2014.

á Borgarskjalasafni Reykjavíkur.⁸¹ Í safni Byggingastofnunar Landbúnaðarins sem varðveitt er á Þjóðskjalasafni Íslands reyndust mikilsverðar upplýsingar um byggingu flestra húsanna á svæðinu, auk teikninga.⁸² Teikningar af yngri húsunum á svæðinu er einnig að finna í teikningasafni byggingarfulltrúa Reykjavíkur.⁸³ Að auki hefur verið stuðst við kort, loftmyndir, blaðagreinar og aðrar ritaðar heimildir um svæðið, auk þess sem núverandi eigendur jarðarinnar Vallár hafa gefið mikilvægar upplýsingar um byggingu húsanna.⁸⁴

⁸¹ BSR: Skjalasafn Kjalarneshrepps. Askja 3A. Fundargerðabók byggingarnefndar Kjalarneshrepps, 2.8.1974-18.8.1994.

⁸² ÞÍ: Byggingastofnun landbúnaðarins 2005-44, A-A 301-1.

⁸³ Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb> →Leitarorð: Vallá.

⁸⁴ Geir Gunnar Geirsson, samtal 8.10.2014.

Húsaskrá Reykjavíkur

Vallá á Kjalarnesi

Deiliskipulagssvæði 2014



Vallá

Íbúðar- og geymsluhús

Steinsteypt

Byggingarár:

1923
1972

Húsið er byggt utan um tvö eldri hús, íbúðarhús og áfast fjós, sem reist voru af Benedikt Magnússyni bónda á Vallá um 1923. Gamla íbúðarhúsið er líklega í miðhluta núv. húss og fjósið í austurhluta þess. Bygging hússins hófst árið 1968 (ÞÍ. Bygg.stofnun landbún. 2005-44, A-A 301-1) og var lokið 1972, skv. Fasteignaskrá (matshl. 02). Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2013 er eigendum húsa sem byggð voru 1925 eða fyrr skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Hönnuður:
Ókunnur



Vallá

Íbúðar- og geymsluhús

Steinsteypt

Byggingarár:

1924

Upphaflega hlaða, byggð af Benedikt Magnússyni, norðan við fjós frá 1923. Óvenju vandað hús, skv. virðingu sem gerð var 1953 (ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005-44, A-A 301-1). Skv. Fasteignaskrá er hlaðan (matshl. 07) byggð 1924. Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2013 er eigendum húsa sem byggð voru 1925 eða fyrr skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Hönnuður:
Ókunnur



Vallá

Íbúðar- og geymsluhús

Steinsteypt

Byggingarár:

1957

Upphaflega fjós, ásamt mjólkurhúsi og haughúsi, byggt af Magnúsi Benediktssyni bónda á Vallá, austan við og áfast við hlöðu frá 1924, eftir uppdrætti frá Byggingastofnun landbúnaðarins. Óvenju vandað hús, byggt 1957, skv. virðingu frá því ári (ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005-44, A-A 301-1). Skv. Fasteignaskrá eru fjósið (matshl. 04) og haughúsið (matshl. 09) byggð 1955. Austurendi er yngri viðbygging, byggð yfir haughúsið.

Hönnuður:
Byggingastofnun landbúnaðarins (uppdr. 697)



Vallá

Geymsluhús

Steinsteypt

Byggingarár:

1981

Byggt þar sem áður stóð geymslubraggi sem var rifinn. Skv. Fasteignaskrá er geymsla á jörðinni (matshl. 19), byggð 1981 og virðist hún, af uppgefinni stærð að dæma, geta verið þessi geymsla.

Hönnuður:
Ókunnur

Húsaskrá Reykjavíkur

Vallá á Kjalarnesi

Deiliskipulagssvæði 2014



Vallá

Votheysgryfja

Steinsteypt

Byggingarár:
1940

Alsteypt með járnþaki, skv. virðingu frá 1953 (ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005-44, A-A 301-1). Skv. Fasteignaskrá er votheysgryfja á jörðinni (matshl. 08) byggð 1940.

Hönnuður:
Ókunnur



Vallá

Íbúðarhús

Steinsteypt

Byggingarár:
1960

Byggt af Magnúsi Benediktssyni bónda á Vallá, eftir uppdrætti frá Byggingastofnun landbúnaðarins. Skv. Fasteignaskrá er húsið (matshl. 03) byggt 1960, en skv. núv. eiganda Geir G. Geirssyni (8.10.2014) er það byggt 1958.

Hönnuður:
Byggingastofnun landbúnaðarins (uppr. 2187)



Vallá

Varaafstöð

Steinsteypt

Byggingarár:
1981

Hönnuður:
Ókunnur



Vallá

Eggjahús

Stálgrindarhús

Byggingarár:
1975

Efsta húsið í röð eggja- og geymsluhúsa sem standa sunnan Vallárlækjar. Stálgrindarhús með steiptum járnþaki og veggjum utan á stálgrindinni, byggt 1974-1975, skv. byggingarvottorði frá 1975 (ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005-44, A-A 301-1). Líklega skráð sem fuglahús (matshl. 15) í Fasteignaskrá, með byggingarár 1977.

Hönnuður:
Héðinn hf.

Húsaskrá Reykjavíkur

Vallá á Kjalarnesi

Deiliskipulagssvæði 2014



Vallá

Eggjahús

Steinsteypt

Byggingarár:
1982

Næstefsta húsið í röð eggja- og geymsluhúsa sunnan Vallárlækjar. Sótt var um leyfi fyrir húsinu í júní 1976. Fullbyggt 1982 skv. núv. eiganda Geir G. Geirssyni (8.10.2014). Sýnt á teikningum sem til eru af húsaröðinni frá 1982-1983 (Teikningasafn byggingafulltrúa Rvk.). Líklega skráð sem sérhæfð bygging (matshl. 20) í Fasteignaskrá, með byggingarár 1979.

Hönnuður:
Ókunnur



Vallá

Eggjahús

Steinsteypt

Byggingarár:
1982-1988

Næstneðsta húsið í röð eggja- og geymsluhúsa sunnan Vallárlækjar. Sýnt á teikningum sem til eru af húsaröðinni frá 1982-1983 (Teikningasafn byggingafulltrúa Rvk.). Byggt um 1982-1988 skv. núv. eiganda Geir G. Geirssyni (8.10.2014). Líklega skráð sem sérhæfð bygging (matshl. 21) í Fasteignaskrá, með byggingarár 1980.

Hönnuður:
Ókunnur



Vallá

Eggjageymsla

Steinsteypt

Byggingarár:
1988

Vesturhluti neðstu húsalengjunnar í röð eggja- og geymsluhúsa sunnan Vallárlækjar. Sýnt á teikningum sem til eru af húsaröðinni frá 1982-1983 (Teikningasafn byggingafulltrúa Rvk.). Byggt 1988 skv. núv. eiganda Geir G. Geirssyni (8.10.2014). Líklega skráð sem eggjageymsla (matshl. 22) í Fasteignaskrá, með byggingarár 1984.

Hönnuður:
Ókunnur



Vallá

Eggjageymsla

Steinsteypt

Byggingarár:
1992

Miðhluti neðstu húsalengjunnar í röð eggja- og geymsluhúsa sunnan Vallárlækjar. Til eru teikningar að húsinu, sp. 1992 (Teikningasafn byggingafulltrúa Rvk.). Líklega skráð sem eggjageymsla (matshl. 24) í Fasteignaskrá, með byggingarár 1992.

Hönnuður:
Vífill Oddsson

verkfræðingur

Húsaskrá Reykjavíkur

Vallá á Kjalarnesi

Deiliskipulagssvæði 2014



Vallá

Vélageymsla, þurrkhús

Steinsteypt

Byggingarár:

1988

Austurhluti neðstu húsalengjunnar í röð eggja- og geymsluhúsa sunnan Vallárlækjar. Sýnt á teikningum sem til eru af húsaröðinni frá 1982-1983 (Teikningasafn byggingafulltrúa Rvk.). Byggt 1988 skv. núv. eiganda Geir G. Geirssyni (8.10.2014). Hugsanlega skráð sem geymsla (matshl. 19) í Fasteignaskrá, með byggingarár 1981.

Hönnuður:

Ókunnur



Vallá

Eggjahús

Steinsteypt

Byggingarár:

1984

Neðra húsið af tveimur eggjahúsum sem standa norðan Vallárlækjar. Byggt 1984 skv. núv. eiganda Geir G. Geirssyni (8.10.2014). Líklega skráð sem fuglahús (matshl. 16) í Fasteignaskrá, með byggingarár 1976.

Hönnuður:

Ókunnur



Vallá

Eggjahús

Steinsteypt

Byggingarár:

2014

Nýbygging, efra húsið af tveimur eggjahúsum sem standa norðan Vallárlækjar, byggt 2014. Óskráð í Fasteignaskrá.

Hönnuður:

Atli Jóhann Guðbjörnsson

byggingafræðingur



Vallá

Aligrísahús

Steinsteypt

Byggingarár:

1995

Stendur norðarlega í landi Vallár, norðan Gilsvegar. Óskráð í Fasteignaskrá.

Hönnuður:

Sveinn S. Pálmason

járnsmiður

Húsaskrá Reykjavíkur

Vallá á Kjalarnesi

Deiliskipulagssvæði 2014



Spilda úr Vallá

Íbúðarhús

Steinsteypt

Byggingarár:

1978

Byggt af hjónunum Geir Gunnari Geirssyni og Hjördísi Gissurardóttur á árunum 1974-1978, á lóð úr landi Vallár. Skráð sem íbúðarhús (matshl. 02) í Fasteignaskrá, með byggingarár 1978.

Hönnuður:

Einar V. Tryggvason

arkitekt



Spilda úr Vallá

Viðskipta- og þjónustuhús

Steinsteypt

Byggingarár:

1992

Byggt á árunum 1989-1992 sem bíla- og vörugæmsluhús á sérlóð. Breytt í verslun og veitingahús árið 1999. Stækkað til suðurs 2009. Skráð sem verslun og bílskúr (matshl. 01) í Fasteignaskrá, með byggingarár 1992. Húsið myndar eins konar kraga utan um eldra íbúðarhús og er m.a. byggt til að mynda skjól umhverfis það. Húsið hefur vakið athygli vegna sérstæðs arkitektúrs. Það er að miklu leyti hulið með jarðvegi og torfi, sem rennur saman við gróðurinn í kring og er þannig dæmi um byggingu sem er í senn landslag.

Hönnuður:

Vífill Magnússon og Halla Hannesdóttir

arkitekt og tækniteikn.



Gil

Íbúðar- og áhaldahús

Steinsteypt

Byggingarár:

1978

Byggt sem íbúðarhús af Magnúsi Jónssyni búfræðingi árið 1978, á lóð úr landi Vallár. Viðbygging var byggð við bakhlið hússins eftir teikningum Einars Ingimarssonar arkitekts 1986.

Hönnuður:

Einar V. Tryggvason

arkitekt



Litla-Vallá

Íbúðarhús / sumarbústaður

Steinst./hlaðið

Byggingarár:

1936

Byggt sem íbúðarhús á jörðinni Litlu-Vallá, sem byggðist úr landi Vallár um aldamótin 1900. Líklega byggt þar sem áður stóð eldri torfbær og virðist steyp inn í hlaðna tóft, þ.e. gaflar og veggir niður að tóft eru steinsteyptir. Selt sem sumarbústaður með 1 hektara lands þegar ábúð á jörðinni lauk 1960. Jörðin er skráð sem eyðijörð í Fasteignaskrá og húsið íbúðarhús (matshl. 02), með byggingarár 1936.

Hönnuður:

Ókunnur

Húsaskrá Reykjavíkur

Vallá á Kjalarnesi

Deiliskipulagssvæði 2014



Litla-Vallá

Hlaða

Steinst./timbur

Byggingarár:

1936

Byggt sem útihús á jörðinni Litlu-Vallá, sem byggðist úr landi Vallár um aldamótin 1900. Líklega byggt þar sem áður stóðu eldri útihús. Veggir virðast byggðir úr steinsteypu og/eða steyptum steinum en gaflar úr timbri. Selt með íbúðarhúsi og 1 hektara lands þegar ábúð á jörðinni lauk 1960. Jörðin er skráð sem eyðijörð í Fasteignaskrá og húsið sem hlaða (matshl. 03), með byggingarár 1936.

Hönnuður:

Ókunnur

Fyrsti eigandi Jón Þorsteinsson
bóndi

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun
Íbúðarhús / sumarbústaður



Upphafleg gerð

Tegund Steinst./hlaðið
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárujárn
Undirstöður

Útlit

Einlyft
Kvistur

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Byggt sem íbúðarhús á jörðinni Litlu-Vallá, sem byggðist úr landi Vallár um aldamótin 1900. Jörðin er skráð sem eyðijörð í Fasteignaskrá og húsið sem íbúðarhús (matshl. 02), með byggingarár 1936. Húsið er byggt þar sem áður stóð eldri torfbær og fellur vel að landslaginu, er sem inngróið. Það virðist steipt inn í tóft úr torfi og grjóti, þ.e. gaflar og veggir niður að tóft eru steinsteyptir en tóftin myndar neðri hluta veggjanna. Líklegt er að tóftin sé eldri en húsið og sé austasti hluti bæjarhúsa sem sýnd eru á túnakorti af jörðinni frá 1916. Húsið er einlyft með risi, en austasti hluti þess einskonar inngönguskúr með skápaki. Á vesturhlið er lítill kvistur. Austan og vestan við húsið eru tvö jarðhýsi, en ekki er vitað hvenær þau voru byggð. Í *Fasteignamatbók Kjósarsýslu* frá 1918, með viðauka frá 1930, kemur fram að eldri bæjarhús á jörðinni voru komin úr ábúð 1930. Árið 1934 var Jón Þorsteinsson (1894-1972) orðinn bóndi á Litlu-Vallá og bjó hann þar til 1946 (Þorsteinn Jónsson: *Kjalnesingar* I. Rvk. 1998, bls. 289). Ef húsið hefur verið byggt 1936, eins og skráð er í Fasteignaskrá, hefur það verið byggt í tíð Jóns Þorsteinssonar. Húsið var selt sem sumarbústaður með 1 hektara lands þegar ábúð á jörðinni lauk 1960.

Um er að ræða óvanalegt byggingarlag, einkum ef horft er til aldurs og byggingarefnis hússins, sem byggt er með þessum hætti svo seint sem 1936. Húsið endurspeglar torfbæjarhefðina ekki aðeins gegnum formið heldur einnig leguna í landinu og val hússtæðis.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Steinhús byggt inn í hlaðna tóft, með sama formi og torfbær. Sérstætt byggingarlag.

Menningarsögulegt gildi: Hefur gildi fyrir byggðasögu svæðisins.

Umhverfisgildi: Fellur vel að landslaginu og hefur gildi fyrir ásýnd staðarins.

Upprunaleg gerð: Líklega mjög upprunalegt að gerð.

Varðveislugildi: Vegna aldurs og sérstæðs byggingarlags er lagt er til að húsið njóti verndar í rauðum flokki: Einstök hús, húsaraðir og götumyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndunarflokka sem skilgreindir eru í borgarverndarstefnu Aðalskipulags 2010-2030 (A-hluti: Borg fyrir fólk, Borgarvernd. C-hluti: Fylgiskjöl, Aðalskipulag - Borgarverndarstefna).

2.7 Varðveislumat fyrir hús og mannvirki

Við mat á varðveislugildi byggðar eru metnir á fjórir þættir: *Listrænt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi og upprunaleg gerð*. Varðveislugildi húsa byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þýngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.

Við mat á varðveislugildi húsa og mannvirkja er stuðst við Húsverndarskrá Reykjavíkur sem gefin var út sem þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016* og endurskoðun á varðveisluflokkum Húsverndarskrár Reykjavíkur sem er hluti af borgarverndarstefnu sem lögð hefur verið fram sem hluti af *Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030*.¹

Varðveisluflokkarnir eru:

BLÁR FLOKKUR: *Friðlýst hús og mannvirki.*

Hús friðlýst samkvæmt 5. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, sem segir:

„Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.“

Á skrá er getið hvaða hluti byggingar er friðaður og friðunarár.

FJÓLUBLÁR FLOKKUR: *Friðuð hús.*

Hús friðuð samkvæmt aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, sem segir:

„Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð.“

RAUÐUR FLOKKUR: *Einstök hús, húsaraðir og götumyndir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd² í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.

GULUR FLOKKUR: *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra.

APPELSÍNUGULUR FLOKKUR: *Hús byggð 1925 eða fyrr og kirkjur reistar 1940 eða fyrr.*

Hús sem falla undir ákvæði 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, sem segir:

„Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.“

Varðveislumat húsa og mannvirkja á deiliskipulagssvæði sem nær yfir lögbýlið Vallá á Kjalarnesi, landnúmer 125762:³

RAUÐUR FLOKKUR: *Einstök hús, húsaraðir og götumyndir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd.

Litla-Vallá, íbúðarhús/sumarbústaður (fasteign 208-5526, matshl. 02) – byggt 1936

¹ Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar – *Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030*. A-hluti: Borg fyrir fólk, Borgarvernd, bls. 164-166. C-hluti: Fylgiskjöl, Aðalskipulag – Borgarverndarstefna, bls. 334.

² Hverfisvernd byggir á 2. gr. skipulagslaga 2010 nr.123/22. september en þar segir: „*Hverfisvernd*: Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar, annarra menningarsögulegra minja eða náttúruminja“. *Skipulagslög 2010 - nr. 123 - 22. september*. Tóku gildi 1. janúar 2011.

³ Við mat á varðveislugildi húsanna á svæðinu var haft samráð við Önnu Maríu Bogadóttur arkitekt og Pétur H. Ármannsson arkitekt, sviðsstjóra umhverfis og skipulags á Minjastofnun Íslands.

Húsið er byggt árið 1936 sem íbúðarhús á jörðinni Litlu-Vallá. Um er að ræða steinsteypt hús sem byggt er inn í hlaðna tóft og hefur sama form og torfbær. Þetta er óvanalegt byggingarlag, einkum ef horft er til aldurs og byggingarefnis hússins, sem byggt er með þessum hætti svo seint sem 1936. Húsið endurspeglar torfbæjarhefðina ekki aðeins gegnum formið heldur einnig leguna í landinu og val hússtæðis, en húsið fellur vel að landslaginu og er sem inngróið. **Vegna aldurs og sérstæðs byggingarlags er lagt er til að húsið njóti verndar í rauðum flokki.**

APPELSÍNUGULUR FLOKKUR: Hús byggð 1925 eða fyrr og kirkjur reistar 1940 eða fyrr.

Vallá, hluti af íbúðar- og geymsluhúsi (fasteign 208-5498, matshl. 02) – byggt 1923

Um er að ræða eldra íbúðarhús og áfast fjós sem nú mynda hluta af stærra og yngra húsi (fasteign 208-5498, matshl. 02). Umrædd hús voru reist árið 1923 af Benedikt Magnússyni bónda á Vallá. Á árunum 1968-1972 voru þau felld inn í nýtt íbúðarhús sem þá var reist á staðnum. Gamla íbúðarhúsið er líklega í miðhluta núverandi húss og fjósið í austurhluta þess.

Vallá, íbúðar- og geymsluhús (fasteign 208-5498, matshl. 07) – byggt 1924

Um er að ræða hús sem stendur áfast við norðurhlið íbúðar- og geymsluhússins (matshl. 02) og var upphaflega byggt sem hlaða af Benedikt Magnússyni bónda á Vallá.

HÚSVERNDARKORT REYKJAVÍKUR



Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir:

Borgarskjalsafn Reykjavíkur (BSR):

Skjalasafn Kjalarneshrepps. Askja 3A. Fundargerðabók byggingarnefndar Kjalarneshrepps, 2.8.1974- 18.8.1994.

Borgarsögusafn Reykjavíkur (BSSR):

Kortasafn.

Landmælingar Íslands (LMÍ):

Loftljósmynd: AMS3123411.

Bæjarteikning af Brautarholtshverfi 1908.

Kort af Reykjavík og nágrenni útgefið af Geodetic Institut Kaupmannahöfn árið 1955.

Herföngjaráðskort. 27 NA Reykjavík. Generalstabens topografiske Afdeling.

Kaupmannahöfn 1909.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (SÁM):

Örnefnasafn. Vallá 125762-291, Kjalarneshrepp, Kjósarsýslu. Guðrún Bjarnadóttir á Vallá skráði 1967.

Þjóðskjalasafn (ÞÍ):

Byggingastofnun landbúnaðarins 2005-44, A-A 301-1. Skjöl og teikningar.

Fasteignamat 1916-1918. Undirmat. Fasteignamatsbók Kjósarsýslu 1918 [með athugasemdum frá 1930]. Handrit.

Vallá og Litla-Vallá. Túnakort 1916. Vigfús Guðmundsson Keldum teiknaði.

Prentaðar heimildir:

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. A-hluti: Borg fyrir fólk, Borgarvernd. C-hluti:

Fylgiskjöl, Aðalskipulag – Borgarverndarstefna.

Björn Lárusson: *The old Icelandic land registers*. Þýðing: W. F. Salisbury. Lundur 1967.

Guðmundur Magnússon og Hlynur Þór Magnússon: „Minning. Benedikt Magnússon Vallá.“

Íslendingaþættir Tímans, 3. tbl., 4. árg. (24. febrúar 1971).

Húsvernd í Reykjavík. Svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar. Þemahefti með

Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996–2016. Ritstjóri: Nikulás Úlfar Másson. Reykjavík 1998.

Íslenzk fornrit I. *Íslendingabók. Landnámabók*. Jakob Benediktsson gaf út. Hið íslenska fornritafélag. Reykjavík 1968.

Íslenzkt fornbréfasafn sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn. III. og XII. bindi. Reykjavík 1903-1907, 1906-1913 og 1923-1932.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. III. bindi. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Bogi Th. Melsteð bjó til prentunar. Kaupmannahöfn 1923–1924.

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn 1847.

Jónas Magnússon: „Magnús Benediktsson bóndi á Vallá - Minning“. *Morgunblaðið* 6. nóv. 1965.

Leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannana. Óútgefið leiðbeiningarit. Minjastofnun Íslands 2009.

Lög um menningarminjar – nr. 80 – 29. júní 2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.

Morgunblaðið 23. september 1994.

Skipulagslög – nr. 123 – 22. september 2010. Tóku gildi 1. janúar 2011.

Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands 2013.

Þorsteinn Jónsson: *Kjalnesingar. Ábúendur og saga Kjalarneshrepps frá 1890*. Kjósarsýsla I. Reykjavík 1998.

Vefsíður:

Borgarvefsjá. Vefslóð: <http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/>.

Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb>.

Tímarit.is. Vefslóð: <http://timarit.is>.

Vefur Borgarsögusafns. Vefslóð: <http://borgarsogusafn.is/>.

Vefur Forsætisráðuneytis. Vefslóð: <http://www.forsaetisraduneyti.is> → Verkefni → Menningararfur.

Vefur Minjastofnunar Íslands. Vefslóð: <http://www.minjastofnun.is/> → Minjar → Skráning fornleifa → Skráningarstaðlar.

Vefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: www.reykjavik.is → Stjórnkerfi → Fundargerðir.

Vefur Þjóðskrár Íslands. Vefslóð: <http://www.skra.is> → Fasteignaskrá → Leit í fasteignaskrá.

Gagnagrunnar:

Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR).

Sarpur. Menningarsögulegt gagnasafn.

Tímarit.is.

Munnlegar heimildir:

Geir Gunnar Geirsson, samtal 8.10.2014.

Skýrslur Minjasafns Reykjavíkur

- 133 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Kringlan, Listabraut, Kringlumýrarbraut, Miklabraut*. Rvk. 2006.
- 134 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Lindargata 50 – 62*. Rvk. 2007.
- 135 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Seljavegur, Ánanaust, Holtsgata, Vesturgata*. Rvk. 2007.
- 136 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsveggar frá gatnamótum við Vesturlandsveg austur fyrir Rauðavatn*. Rvk. 2007.
- 137 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Skólavörðustígur, Kárestígur, Frakkastígur*. Rvk. 2007.
- 138 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Baldursgata, Þórsgata, Njarðargata, Freyjugata*. Rvk. 2008.
- 139 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar 2. áfanga. Fornleifar á framkvæmdasvæðinu*. Rvk. 2008.
- 140 Drífa Kristín Þrastardóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Grimsstaðaholtið og nágrenni*. Rvk. 2008.
- 141 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning vegna gerðar Hallsveggar-Úlfarsfellsveggar*. Rvk. 2008.
- 142 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Túngata, Hofsvallagata, Hávallagata, Bræðraborgarstígur*. Rvk. 2008.
- 143 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Urðarstígur, Njarðargata, Bergstaðastræti, Baldursgata*. Rvk. 2008.
- 144 Drífa Kristín Þrastardóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Skólavörðustígur, Njarðargata, Þórsgata, Baldursgata, Lokastígur, Týsgata*. Rvk. 2009.
- 145 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Þormódsstaða*. Rvk. 2009.
- 146 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Örfirisey og Grandinn*. Rvk. 2009.
- 147 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning. Örfirisey og Grandinn*. Rvk. 2009.
- 148 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Samtún, Nóatún, Miðtún, Hátún, Höfðatún*. Rvk. 2009.
- 149 Guðfinna Ósk Erlingsdóttir og Bragi Bergsson: *Húsakönnun. Hagamelur, Hofsvallagata, Hringbraut, Furumelur*. Rvk. 2009.
- 150 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Laugarnesvegur, Sundlaugavegur, Laugalækur, Hrisateigur, Otrateigur*. Rvk. 2009.
- 151 Helga Maureen Gylfadóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir, Pétur H. Ármannsson: *Húsakönnun. Vogahverfi*. Rvk. 2010.
- 152 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsveggar frá gatnamótum við Vesturlandsveg austur að Hólmsá*. Rvk. 2010.
- 153 Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning jarðarinnar Ártúns á Kjalarnesi*. Rvk. 2010.
- 154 Drífa Kristín Þrastardóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Vesturvallagata, Sölvallagata, Framnesvegur, Holtsgata*. Rvk. 2010.
- 155 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Landspítalalóðar*. Rvk. 2011.
- 156 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Grundarstígur, Skálholtsstígur, Þingholtsstræti, Spítalastígur*. Rvk. 2011.
- 157 Guðný Gerður Gunnarsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir: *Ingólfstorg og nágrenni. Skrá yfir fornleifar og hús í vesturhluta Kvosar*. Rvk. 2011.
- 158 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Þéttbýlismyndun í Reykjavík á 18. öld. Samanburður ritheimilda og fornleifa*. Rvk. 2011.
- 159 Margrét Björk Magnúsdóttir: *Rannsókn á seljum í Reykjavík*. Rvk. 2011.
- 160 Anna Lís Guðmundsdóttir og Sverrir Snævar Jónsson: *Fornleifaskráning og jarðsjármælingar í miðbæ Reykjavíkur*. Rvk. 2012.
- 161 Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Vatnsnýri, Seljarnýri, Öskjuhlíð. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2013.
- 162 Anna Lís Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Sigurlaugur Ingólfsson og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 4 – Laugardalur*. Rvk. 2013.
- 163 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 3 – Hlíðar*. Rvk. 2013.
- 164 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 5 – Háaleiti*. Rvk. 2014.
- 165 Bragi Bergsson: *Almenningsgarðar í Reykjavík*. Rvk. 2014.
- 166 Drífa Kristín Þrastardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Arnarholt á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2014.